

verkleg viðfangsefni eða æfingar, sem metnar eru til prófseinkunnar, hafi þær áður verið teknar gildar. Próf má ekki endurtaka nema einu sinni, nema deildin sjá lögmeta ástæðu til að veita undanþágu.

Fyrirhlutaprófi í verkfræði, sem miðast við þriggja ára nám, skal stúdent hafa lokið eigi síðar en fjórum árum eftir að hann var skráður í deildina. Deildin getur lengt frestinn um eitt ár, ef hún telur horfur á, að stúdent geti þá lokið prófinu, enda hafi hann ekki sýnt vanrækslu í námi. Tilsvarandi tímaákvæði setur deildin um önnur burtfararpróf.

Nú er skráður í deildina stúdent, sem hefur þegar tekið með góðum árangri próf við erlendan háskóla í námsefni, sem samsvarar í aðalatriðum námsefni til vissra prófa í deildinni. Getur háskólaráð þá heimilað, að tillögum deildarinnar, að veita slíkum nemanda burtfararpróf án prófa í þessu námsefni, þó að jafnaði aðeins ef um verulegt námsefni er að ræða. Skal þá á prófskírteini gerð grein fyrir þessum frávikum.

c. Einkunnastigi.

Við gjöf einkunna skal nota talnaröð I í eftirfarandi töflu, og hlýtur stúdent í hvert sinn þá einkunn, er næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara. Talnaröð II sýnir stigagildi einkunna.

I	II	I	II	I	II
6	8	4	5	2	— 7
$5\frac{2}{3}$	$7\frac{2}{3}$	$3\frac{2}{3}$	$3\frac{2}{3}$	$1\frac{2}{3}$	$-12\frac{1}{3}$
$5\frac{1}{3}$	$7\frac{1}{3}$	$3\frac{1}{3}$	$2\frac{1}{3}$	$1\frac{1}{3}$	$-17\frac{2}{3}$
5	7	3	1	1	-23
$4\frac{2}{3}$	$6\frac{1}{3}$	$2\frac{2}{3}$	$-1\frac{2}{3}$		
$4\frac{1}{3}$	$5\frac{2}{3}$	$2\frac{1}{3}$	$-4\frac{1}{3}$		

d. Prófkörður.

Til þess að standast fullnaðarpróf verður stúdent að hafa hlotið eigi minna en 5 stig að meðaltali í hvorum prófflokki.

Aðaleinkunn (meðaltal allra prófseinkunna, veginna) 5.00—5.99 (í stigum) telst 2. einkunn, 6.00—7.49 telst I. einkunn, 7.50—8.00 telst ágætiseinkunn.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. maí 1964.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 4. júní 1964.

Bjarni Benediktsson.

Knútur Hallsson.